

Stjórnmálaályktun 14. landsfundar Kvennalistans Kvenfrelsi: Frá orðum til athafna

Landsfundur Kvennalistans haldinn í Viðey 2. - 3. nóv. 1996 skorar á konur um land allt að fylgja fast eftir þeim árangri sem náðst hefur í íslenskri kvennabaráttu á undanförnum áratugum. Á þessu ári eru 20 ár liðin frá því að jafnréttislög voru sett. Á þeim tíma hafa konur sótt sér sífellt meiri menntun og þær hafa streymt út á vinnumarkaðinn í ýmis konar störf. Konum hefur fjölgað verulega á Alþingi og í sveitarstjórnum og hefur baráttu okkar skilað sér í viðhorfsbreytingu meðal almennings til stöðu og hlutverka kynjanna.

Það stendur á stjórnvöldum að grípa til aðgerða sem tryggja konum jafnrétti og böta kjör þeirra. Reynslan kennir okkur að það skiptir máli að konur séu við stjórnvölinn og beiti sér í þágu kvenna. Því þarf hlutur þeirra enn að aukast innan stjórnsýslunnar.

Landsfundurinn hvetur konur til virkrar þátttöku jafnt í félagasamtökum, sem í foreldrafélögum, nefndum, ráðum og sveitarstjórnar- og landsmálum þannig að við sjáum enn meiri breytingar í þágu betra samfélags.

Landsfundur Kvennalistans heitir á konur að sýna samstöðu í komandi kjarasamningum og knýja á um aðgerðir til að draga úr launamisrétti kynjanna. Efnahagslegt sjálfstoeði kvenna er grundvallarforsenda þess að konur verði jafnar körlum í lífi og starfi og geti sjálfar valið lífi sínu farveg.

Nú reynir á aðila vinnumarkaðarins, ríkið og sveitarfélögin að láta athafnir fylgja orðum.

Á undanförnum árum hefur heilbrigðiskerfið söett þrengingum og niðurskurði sem bitnar á þeim sem síst skyldi. Framtíðin mun kalla á aukna og breytta velferðarþjónustu vegna aukinnar töknii, þjóðfélagsbreytinga og mikillar fjölgunar öryrkja og eldri borgara. Lengra verður ekki gengið í niðurskurði, heldur ber að breyta áherslum og forgangsröð í samfélagini. Þar þurfa konur að koma að verki með þekkingu sína og reynslu. Vandamum hefur hingað til verið velt yfir á starfsfólk og stjórnendur heilbrigðisstofnana, svo og heimilin.

Öllum þeim sem huga að framtíðinni má vera ljóst að lykillinn að góðri og öruggri framtíð byggist á góðri menntun sem tekur mið af aðstoeðum og viðhorfum beggja kynja. Menntakerfið hefur verið sársvelt um árabil og nú þarf að snúa vörn í sókn. Við þurfum að stórefla almenna menntun og starfsmenntun og veita til þess nauðsynlegu fjármagni svo að við verðum betur búin undir samfélag sem tekur sífelldum breytingum.

Þegar þjóðfélag okkar er nú loks að rétta úr kútnum eftir margra ára samdrátt og erfíðleika kemur œ betur í ljós hve goðunum er misskipt milli landsins barna. Nýsköpun og þróun einkennir

höfuðborgarsvæðið, en þar er einnig að finna vaxandi fátækt meðal íbúanna. Landflótti og erfiðleikar setja mark sitt á stóran hluta landsbyggðarinnar. Tilraunir til að snúa þessari þróun við með svokallaðri byggðastefnu hafa mistekist. Orsakanna er að leita í töknibreytingum og samdroetti bœði í landbúnaði og sjávarútvegi, án þess að brugðist hafi verið við.

Breytingar á veiðum, breytt tökni og fiskveiðistjórnunarkerfið eru að koma landvinnslunni í þrot en þar er vinna þúsunda kvenna í húfi. Það er umhugsunarefni hve konur hafa ótrúlega lítil áhrif á sjávarútvegsmál hér á landi. Aðeins örfáar konur er að finna í röðum útgerðarmanna og kvótægenda, hvað þá að þær stundi sjósókn. Í Noregi eru í gangi markvissar aðgerðir til að jafna stöðu kynjanna í sjávarútvegi og slíkt þarf einnig að gerast hér.

Yfirráðin yfir helstu auðlind þjóðarinnar, fiskinum í sjónum, eru að færast á œ færri hendur með kaupum og sölum án þess að eigendurnir, þjóðin sjálf fái að njóta þess sem skyldi. Sú þróun misbýður réttlötiskennd þjóðarinnar og er að valda hér djúpstoeðum þjóðfélagsbreytingum. Kvennalistinn ítrekar tillögur sínar um byggðakvóta og telur brýnt að endurskoða fiskveiðilöggjöfina.

Þá er ekki síður áberandi hve eignarhald á helstu fyrirtækjum landsins er að þjappast saman. Stórfyrirtoekin leita fanga œ víðar svo sem í fjölmíðlaheiminum. Það er áhyggjuefni ef helstu fyrirtæki landsins ötla að stjórna því hvað landsmenn fá að sjá og heyra, hvaða umrœða á sér stað í samféluginu og hvernig. Svarið við því er að setja reglur um hringamyndun, efla menntun og faglegan metnað fjölmíðlafólks og styrkja Ríkisútvarpíð sem frjálsan lýðrœðislegan fjölmíðil. Fjölmíðlar eiga að stuðla að gagnrýnni, lýðrœðislegri umrœðu og veita nauðsynlegt aðhald, jafnframt því að virða einkalíf fólks og mannhelgi. Þeir eiga að endurspeglra samfélagið, þar með talin störf, áhugamál og mannréttindabaráttu kvenna.

Íslenskt samfélag hefur breyst gífurlega á þessari öld og enn meira er framundan. Við erum að halda inn í 21. öldina þar sem töknin mun ráða ríkjum í enn ríkara mœli en nú. Fjölbreytt störf framtíðarinnar munu að miklum hluta verða til í tengslum við upplýsingaþjóðfélagið og möguleika þess. Konur munu setja sitt mark á þróunina, hasla sér völl á nýjum sviðum og nýta töknina til að gera samfélagið vinsamlegra einka- og fjölskyldulífi. Það þarf að beina sjónum í auknum mœli að gœðum mannlífsins. Í umrœðum kvenna um heim allan beinast sjónir œ meir að heilsu og lifnaðarháttum kvenna og því mikla álagi sem einkennir líf þeirra og rœnir þær þeim gœðum sem skipta mestu þegar allt kemur til alls. Framundan eru tökförei til að stytta vinnutímann, jafna launakjör, auka tómstundir og veita börnum þá umhyggju sem þau þurfa. Til að svo verði þurfa sjónarmið kvenfrelsис, jöfnudar og

samábyrgðar að komast til vegs og virðingar. Við skulum minnast þess að það er hoegt að stíga skref til baka og svípta konur réttindum eins og nýlega sannaðist í Afganistan. Því þurfa konur einnig að standa saman um að verja áunnin réttindi og sýna kynsystrum okkar um allan heim stuðning í verki.